

29.11.2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/535
komudagur 29.11.2011

Tilvísun í mál: 2011110403

Umsögn félagsþjónustu Reykjanesbæjar
vegna 21. máls frá velferðarnefnd Alþingis varðandi : tillögu til þingsályktunar um
reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskygni, 21. mál.

Þessi hugmynd hefur komið upp í umræðu hjá okkur hjá félagsþjónustu Reykjanesbæjar af og til í gegnum árum. Það yrði án efa mjög gott framtak að fara í slíkar heimsóknir til að kynna þá þjónustu sem í boði er, um leið er hægt að finna þá sem eru félagslega einangraðir, eiga við heilsuvandamál o.fl. En það er ljóst að þetta myndi kalla á aukinn kostnað hjá sveitarfélögunum, bæði við úttektina sjálfa og einnig má gera ráð fyrir að fleiri vilji fá þjónustu í kjölfarið, sem kallar á aukin stöðugildi. Það hlýtur því að þurfa að tryggja að nauðsynlegt fjármagn fylgi verkefninu til sveitarfélaganna ef frumvarpið verður að lögum.

Kær kveðja
Hjördís

Hjördís Árnadóttir
Framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og félagssviðs/Director of Social Services
Bæjarskrifstofunum Reykjanesbæjar/Town Hall